

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag fyrir Rauðsbakka.

Deiliskipulagið tekur til um 5,7 ha svæðis úr jörðinni Rauðsbakka. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir byggingu allt að 1.300 m² hótels með 30 gistirýmum. Aðkoma að svæðinu er af Leirnavegi (243).

Deiliskipulagstillagan var samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra 7. apríl 2016.

Ofangreind deiliskipulagstillaga hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 31. maí 2016.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

Anton Kári Halldórsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 14. júní 2016